

Alþingi
Erindi nr. P 139/1974
komudagur 6.4.2011

Borgarlögmaður
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2011

Efni: Tillaga til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011 - 2020

467. mál

Höfuðborgarstofa fagnar nýrri ferðamálaáætlun sem stefnir að þeim meginmarkmiðum í ferðamálum á tímabilinu 2011 – 2020 að auka arðsemi atvinnugreinarinnar, að lengja ferðamannatímabilið, að auka gæði og fagmennsku og að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna.

Þær áherslur sem hér koma fram eru að mörgu leiti í samræmi við nýja stefnumótun Reykjavíkurborgar 2011 – 2020 sem nú er í umsagnarferli.

Tvennt viljum við þó gera athugasemd við:

Í áætluninni er þess oft getið að íslensk náttúra sé auðlind ferðaþjónustunnar og helsta aðdráttarafl landsins. Ekki skal dregið úr sannleiksgildi þeirrar fullyrðingar sem er einnig undirbyggð af niðurstöðum úr fjölmörgum könnunum. En nauðsynlegt er að leggja aukna áherslu á menningu lands og þjóðar, ekki síst þegar horft er til tækifæra og vöruþróunar í ferðaþjónustu utan háannar en þar leikur höfuðborgin, sem miðstöð menningar landsins, lykilhlutverk.

Í kafla 6.4 er farið yfir hlutverk markaðsstofa ferðamála og samninga þeirra við Ferðamálastofu. Í flestum tilvikum er um að ræða samninga á grundvelli markaðsverkefna erlendis og því umhugsunarvert hvort færa eigi verkefni markaðsstofa til Íslandsstofu sem hefur tekið að sér verkefni Ferðamálastofu á sviði markaðssetningar.

Að öðru leyti ítrekum við ánægju okkar með stefnuna og teljum hana gott leiðarljós fyrir þróun ferðaþjónustu á næsta áratug.

Fyrir hönd Höfuðborgarstofu,
Sif Gunnarsdóttir, forstöðumaður.